

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 61 24. marz 1959, um umferðarmerki og notkun þeirra.

1. gr.

Framan við 36. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Tvö rauð ljós, samhliða í einum fleti, sem slokkna og kvikna á vixl, merkja, að ökumenn skulu nema staðar á vegi vegna þess að slökkvibifreið er að koma inn á veg eða flugvél stefnir þvert yfir veg í lágflugi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. ágúst 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

6. september 1968.

Nr. 241.

AUGLÝSING

um innheimtu gjalds á útgjöld til ferðalaga erlendis.

Samkvæmt heimild í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 68 frá 3. september 1968 um innflutningsgjald o. fl. og í framhaldi af bréfi viðskiptaráðuneytisins til gjaldeyrisbankanna dags. 3. sept. 1968 setur ráðuneytið hér með svofelldar reglur um tilhögun og innheimtu gjalds á útgjöld til ferðalaga erlendis.

1. gr.

Frá og með 4. september 1968 skulu gjaldeyrisbankarnir og umboðsmenn þeirra innheimta fyrir hönd ríkissjóðs 20% gjald af andverði alls selds gjaldeyris til hvers konar ferðalaga í einka- og opinberum erindum svo og í viðskiptaerindum. Skal iðgjaldið innt af hendi um leið og sala gjaldeyrisins fer fram.

2. gr.

Gjaldeyrisdeild bankanna á vegum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands hefur umsjón með innheimtu og skilum til ríkissjóðs á andvirði gjaldsins skv. 1. gr.

Viðskiptaráðuneytið, 6. september 1968.

Gylfi P. Gíslason.

Björgvin Guðmundsson.